

Austurborg

Sími: 553-8545
Vefsíðan: austurborg.is
Netfang: austurborg@reykjavik.is

Leikskólastjórinn: **Hrafnhildur Konný Hákonardóttir**
Aðstoðarleikskólastjórinn **Agnes Ólafsdóttir**
Deildarstjóri Putalands er Margrét Þóra Gunnarsdóttir
Deildarstjóri Bangsalands er Elsa María Gunnarsdóttir
Deildarstjóri Ólátagarðs er Rannveig Anna Ólafsdóttir
Deildarstjóri Kattholts er Steinunn Gunnarsdóttir
Verkefnastjóri: Ágústa Dóra Kristínardóttir



Foreldrahandbók

2020-2021

VIL, GET OG KANN

Velkomin í leikskólann Austurborg

Austurborg er fjögurra deilda með börn frá aldrinum 18 mánaða til sex ára. Yngri börnin eru á Putalandi og Bangsalandi en eldri börnin á Ólátagarði og Kattholti. Í skólanum eru 94 pláss og er hann einsetinn.

Dvalarsamningur

Í byrjun skólavistar skrifa foreldrar undir dvalarsamning. Það er mikilvægt að foreldrar virði vistunartíma og fari ekki yfir umsaminn tíma, því vinnutími starfsfólks tekur mið af honum.

Leikskólinn lokar kl:16:30 og þá eiga allir að vera komnir úr húsi.

Þagnarskylda og trúnaður

Allt starfsfólk Austurborgar er bundið þagnar- og trúnaðareid gagnvart börnum, foreldrum og starfsfólki. Þetta lýtur að allri þeirri vitneskju sem starfsfólk öðlast, hvort sem það eru veikindi, lyfjagjafir eða annað.

Að mæta í leikskólann og kveðja í lok dags

Mjög mikilvægt er að foreldrar fylgi barninu inn til kennara og kveðji barnið þar. Þegar barnið er sótt er mikilvægt að gefa því tíma til þess að ljúka við vinnu sína og kveðja.

Við óskum eftir því að börnin mæti reglulega og best væri að allir væru mættir fyrir klukkan **9:00** áður en skipulagt starf hefst. Ef barnið á að borða verður það að vera mætt ekki seinna en **8:50**. Milli kl. 10:00 -11:00 fer fram hópastarf og viljum við vinsamlegast benda foreldrum á að mæta ekki með börnin inn í mitt hópastarfið. Það getur verið mjög erfitt fyrir alla, en þó erfiðast fyrir barnið sjálft.

Einnig er ekki æskilegt að börnin mæti rétt fyrir matartímann eða rétt fyrir hvíld. Regla í þessum efnum er yfirleitt vænlegust fyrir barnið sjálft. Ef foreldrar eru að koma á óhefðbundnum tímum með barnið þá er gott að gera það í góðri samvinnu við kennara deildarinnar.

Tvö hlið eru inn í garðinn og við viljum biðja foreldra að sjá um að opna og loka hliðunum sjálf og gæta þess sérstaklega að hliðin séu **ávallt vel lokuð**.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf við foreldra er mikilvægur þáttur í starfsemi hvers skóla og við reynum að leggja okkur fram við að koma til móts við þarfir foreldra eins og mögulegt er. Við höfum sameiginleg markmið sem eru almenn vellíðan og þroski barnsins.

Við leggjum áherslu á góð dagleg samskipti við foreldra þegar þið komið með og sækið börnin. Þá má gjarnan koma inn með börnunum og fylgja börnunum inn í leik eða hjálpa þeim að ganga frá eftir sig.

Foreldrafundur er einu sinni á ári að hausti, þar sem skipulag og markmið skólans eru kynnt.

Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum á ári, í nóvember og mars, þar sem skipst er á gagnkvæmum upplýsingum. Kennari og ekki síður foreldrar geta ávallt beðið um viðtal þegar þeir telja þörf á því.

Gagnkvæmur trúnaður milli foreldra og kennara er forsenda þess að barninu líði vel. Daglegar upplýsingar um barnið heima fyrir og í skólanum eru mjög nauðsynlegar. Mikilvægt er að foreldrar láti vita þegar um breytingar er að ræða á högum barns, t.d. flutningur, skilnaður, missir, nýr einstaklingur inn á heimilið, langvarandi veikindi í fjölskyldu o.s.frv.

Foreldrafélag.

Foreldrar ganga sjálfkrafa í félagið þegar barnið byrjar í leikskólanum. Á hverju hausti er haldinn aðalfundur félagsins þar sem gjald vetrarins er ákveðið og starfsemi kynnt. Hlutverk félagsins er einkum að efla tengsl milli foreldra og starfsmanna, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best. Foreldrafélagið stendur m.a fyrir; leiksýningum, páskaeggjaleit, vorhátíð, útskrift elstu barna, jólasveina og fleira.

Upplýsingatafla og tilkynningar


Í fataherbergi hvernar deildar er upplýsingatafla, með helstu tilkynningum en einnig setjum við tilkynningar á hurðir í fataherbergi sem og reynum að senda í tölvupósti.

Skipulagsdagar

Eru sex samtals, en þeir eru nýttir til starfsþróunar starfsmanna og annars skipulags sem ekki er hægt að sinna á vinnutíma barnanna.

Sumarfrí

Börnin eiga að fara í sumarfrí, minnst 4 vikur samfelld (20 virka daga) og fellur vistunargjald niður í júlí, óháð því hvenær fríð er tekið. 17. júní og frídagur verslunarmanna eru lögbundnir frídagar og teljast því ekki sem sumarorlofsdagar



Markmið skólans

Að börnunum líði vel í leikskólanum
Að börnunum finnist gaman í leikskólanum

Að börnin kynnist nánasta umhverfi.


Að auka þekkingu barnanna.

Að gera skráningu sýnilega fyrir foreldrum
Barn vikunnar, Lúlli bangsi og leikur að læra

Daglegt starf

Daglegt starf deilda leikskólans eru í föstu skipulagi og er hver deild með skipulag sitt út frá aldri og fjölda barnanna. Deildarskipulag deildar er kynnt fyrir foreldrum í upphafi leikskólagöngu barns síns. Einnig liggur fyrir árs og mánaðarááætlun hvernar deildar í fataherbergjum skólans og þar geta foreldrar fylgst með starfi leikskólans. Deildarstjórar eru einnig duglegir að senda foreldrum ýmsar upplýsingar rafrænt.

Stefnan er að fara út a.m.k 1x á dag, en við metum það sérstaklega yfir vetrartímamann. Leikfimi í sal er 1x í viku og einnig listasmiðja.



Veikindi barna og lyfjagjöf

Leikskólinn er ætlaður frískum börnum og gert er ráð fyrir því að þau taki þátt í starfi leikskólans úti sem inni. Þess vegna getum við ekki tekið á móti veikum barni. Engar rannsóknir hafa sýnt að útivera auki á sýkingahættu. Útiveru er ekki sleppt nema í algjörum undantekningar-tilvikum og á hátíðsdögum.

Lyfjagjöf

Meginreglan er sú að börnin taki inn lyf heima, en leikskólinn er viðbúinn því að veita undanþágur.

Fæðuróþol

Ef barn er með fæðuóþol þarf að koma með læknavottorð því til staðfestingar.

Slys á börnum

Ef barn slasast í skólanum höfum við tafarlaust samband við foreldra og bregðumst við hverju tilfalli eftir bestu vitund. Ef um alvarlegt slys er að ræða, er farið með barnið á slysadeild og mun áfallateymi slysa-deildarinnar hafa samband við foreldra.



Fjarvistir

Foreldrar eru beðnir um að láta kennara vita um allar breytingar á mætingu barnsins, t.d. vegna veikinda eða annars.

Afmæli

Haldið er upp á afmæli barnanna á leikskólanum og sér starfsfólk hverrar deildar um að gera daginn eftirminnilegan. Flaggað er úti, og afmælisbarnið fær að velja sér disk og glas með myndum á, í hádegismat og nónhressingu. Foreldrar mega, ef þeir vilja koma með ávexti og grænmeti handa börnum deildarinnar í tilefni af afmæli barnsins síns.

Við biðjum foreldra að setja ekki boðskort í hólfi barnanna í leikskólanum þegar verið er að bjóða heim í afmæli, heldur að ræða við deildarstjóra til að fá tölvupóst eða símanúmer barnanna.

Klæðnaður

Að ýmsu þarf að huga varðandi klæðnað og annan útbúnað sem börnin þurfa að hafa með sér í leikskólann. Börnin þurfa að hafa til staðar útiföt fyrir öll veður. Gott að fara reglulega yfir kassa barnsins og að sjálfsögðu að bæta í hann eftir þörfum. Leikskólinn á ekki lánsföt, því verður hringt í foreldra ef það vantar föt.

Útiföt til að hafa á leikskólanum

- útigalli úlpa regnföt og pollavettlingar
- hlý peysa og buxur vettlingar (tvö pör)
- húfa ullarsokkar stígvél
- derhúfa eða buff á sumrin

Aukaföt sem þurfa að vera í leikskólakassanum

- peysa buxur nærbuxur (a.m.k. tvö pör)
- nærbolur sokkabuxur/gammósiur sokkar (tvö pör)

Leikskólinn er vinnustaður barnanna, þess vegna er mikilvægt að þau séu í þægilegum „vinnufötum“. Taka þarf allt heim á **föstudögum**. Muna að bæta við fötin ef aukafötin eru notuð í miðri viku.

Nauðsynlegt er að **merkja allan fatnað** barnanna, útiföt, regnföt, skó, stígvél og aukaföt. *Vel merktur fatnaður týnist síður.*

Muna að tæma hólfi og snaga á föstudögum